

21. mars 2024

Til allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis**Umsögn um 737. mál: frumvarp til laga um breytingu á lögum um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998 (starfslok óbyggðanefndar o.fl.)**


Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á lögum nr. 58/1998 en tilefni frumvarpsins er einkum að nú stýttist í að óbyggðanefnd ljúki störfum. Nefndin hefur lokið umfjöllun um 15 af 17 skilgreindum svæðum sem málsmeðferð hennar tekur til. Málsmeðferð á þeim tveimur svæðum sem eftir standa er hafin en nefndin áætlar að úrskurðir á sextánda svæðinu (svæði 11, Austfirðir) verði kveðnir upp sumarið 2024 og á sautjanda svæðinu (svæði 12, eyjar og sker) árið 2025. Auk þess er gert ráð fyrir að úrskurðir í málum sem eru til umfjöllunar samkvæmt sérstakri heimild í 1. málsl. 7. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998 verði kveðnir upp árið 2024.

Áætlun nefndarinnar gerir því ráð fyrir að störfum hennar ljúki árið 2025. Í framhaldi af því er gert ráð fyrir að hún verði lögð niður og í frumvarpinu er tekið mið af því, sbr. 7.–12. gr. frumvarpsins sem fyrirhugað er að taki gildi 1. janúar 2026. Þrátt fyrir það er í 14. gr. frumvarpsins gert ráð fyrir að ráðherra geti skipað óbyggðanefnd ef fram koma endurupptökubeiðnir á grundvelli 19. gr. a. laganna eftir að nefndin hefur verið lögð niður en þá einungis til að fara með slíkar beiðnir. Að mati nefndarinnar er mikilvægt að tryggja þannig rétt landeigenda til endurupptöku mála.

Með 2., 5. og 6. gr. frumvarpsins er lagt til að horfið verði frá því að láta óbyggðanefnd taka almenninga stöðuvatna til umfjöllunar. Óbyggðanefnd er fylgjandi þeirri breytingu. Í því sambandi skal tekið fram að áætlun um starfslok óbyggðanefndar árið 2025 gerir ekki ráð fyrir umfjöllun um almenninga stöðuvatna. Verði frumvarpið ekki að lögum, með þeim afleiðingum að nefndinni verði áfram ætlað að taka almenninga stöðuvatna til meðferðar, er því ljóst að framlengja þarf starfstíma nefndarinnar og huga að fjármögnun hennar til lengri tíma en núverandi áætlun gerir ráð fyrir. Með hliðsjón af líklegu umfangi málsmeðferðar sem tæki til almenninga stöðuvatna á landinu öllu má gera ráð fyrir að starfstími nefndarinnar myndi lengjast um 2–3 ár, þ.e. til ársins 2027 eða 2028. Í því sambandi er hins vegar vert að taka fram að umfang mála ræðst ávallt af kröfugerð fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkisins um þjóðlendur hverju sinni.

Nefndin er fús til að koma á fund allsherjar- og menntamálanefndar til að ræða nánar atriði sem snúa að nefndinni.

Fyrir hönd óbyggðanefndar,


Sigmar Aron Ómarsson, framkvæmdastjóri